

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Bækur, börn og lífsins lexíur

Bækur eru alls konar, þær geta hrifið mann á einhvern hátt, skemmt manni eða haldið í spennu svo erfitt er að gera hlé á lestrinum. En misjafnt er hvort eða hversu mikið þær skilja eftir, hafa áhrif á mann, hugsanir eða skoðanir.

Fyrir nokkrum árum las ég á frum-málinu bókina *Bränn alla mina brev* eftir sænska rithöfundinn Alex Schulman og þótti virkilega vel skrifuð og eftirminnileg. Bókin fjallar um atburð í fjölskyldu. Framhjáld og uppgjör eða skort á því, sem leiddi til sérstakra viðbragða eða hegðunar fjölskyldumeðlima sem gengu síðan mann fram af manni. Í upphafi bókar er höfundurinn að velta því fyrir sér hvers vegna börnin hans eru hrædd við hann og hvers vegna hann sýnir þessi ofsafengnu reiði-viðbrögð, oft við minniháttar áreiti. Hann var á sama hátt óttasleginn í eigin uppeldi og minnst þess að slík voru viðbrögð annarra fjölskyldumeðlima og það var eitthvað myrkur yfir öllum fjölskylduhittingum. Hann áttar sig síðan á kveikju hegðunarinnar í ást-arsögu sem var framhjáld ömmu hans og reiði afans vegna þess, sem gekk síðan áfram í fjölskyldunni. Bókin fjallar á athyglisverðan og mannlegan hátt um ættarfylgju, sem er reiði og myrkur sem gengur mann fram af manni. Eftir að höfundur áttar sig á orsökum og upphafi að þessum brestum í eigin persónu, fer það að veita honum skilning og leið til að vinna sig út úr þeim. Sagan er byggð á sannsögulegum atburðum og eru

einstaklingarnir í sögunni vel þekktir í sænsku þjóðlífi en grunnþemað sem verið er að fjalla um gæti gerst hvar sem er og gerist enn. Öll þekkjum við slíka bresti sem ganga mann af manni í fjölskyldum og maður veltir stundum fyrir sér hvort þeir taki sér bólfestu í erfðaeftinu sjálfu eða uppeldið eitt dugi til.

Þá langar mig (og vona að lesendum þyki í lagi) að mæla með nýlegri íslenskri skáldsögu, *Gegnumtrekkur* eftir Einar Lövdahl Gunnlaugsson, sem ég las af miklum áhuga en lýsi mig hlutdrægan í þeirri umfjöllun þar sem hagsmuna-



tengslin eru augljós. Þetta er skemmtilega skrifuð bók um það hvernig ungur maður fótur sig í lífinu en sagan gerist í samtímanum þar sem snjallsímar og tölvusamskipti eru komin á fyrirferðarmikinn hátt í lífið og svo er þarna svo margt annað sem við þekkjum vel til í samtímanum og flækir líf unga fólksins. Aðal persónunni, Aski, er fylgt eftir á flóttu undan kvíðvænlegum áskorunum samtímans en hann er samtímis að gera upp við þær og foreldra sína. Sagan er heiðarleg, fyndin og mannleg um vanda-málin sem ungt fólk stendur frammi



Gunnlaugur Sigfússon
barnahjartalækni

fyrir í dag, sem er að standa í lappirn-ar flókinni tilverunni, velja sér farveg, menntun og maka svo eitthvað sé nefnt. Bókin fjallar um börnin sem kynslóðin mín hefur alið upp eftir bestu getu á undanförunum áratugum, um það hvernig komandi kynslóð er að fóta sig í lífinu og það getur verið lífsins lexía til handa verðandi foreldrum og okkur hinum eldri til umhugsunar.

Ég vil þakka vini mínum Hlyni Grímssyni fyrir áskor-unina. Hann kallar mig barna-hjartalækni með meiru og er þar væntanlega að vísa til þess að ég get líka kallað mig bóka-útgefanda. Eyja útgáfufélag er lítið bókaforlag sem hefur gefið út nokkrar bækur sem tengjast menningu og listum. Best hefur gengið myndlistarbók um Kristínu Gunnlaugs-dóttur, en hún er hins vegar ekki dóttir mín!

Ég skora á góða vinkonu, Ásgerði Sverrisdóttur krabbameinslækni, að skrifa næsta pistil.